



Margir komu til að hlýða á Alma kenna um Jesú Krist. Alma kenndi að ef fólkið iðraðist og fylgdi Jesú, gæti það látið skírast.

Fólkið klappaði saman lófum af gleði. Það lofaði að hugga hvert annað. Það lofaði að elska Guð og segja öðrum frá honum. Það var undir það búið að láta skírast.

